

**FRÁSÖGN**

*af fjarfundi forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins 11. ágúst 2020.*

Forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins kom saman á fjarfundi. Af hálfu Íslandsdeildar tóku þátt í fundinum Guðjón S. Brjánsson, formaður, og Bylgja Árnadóttir, alþjóðaritari. Aðrir fundarmenn voru Henrik Old, formaður landsdeildar Færeyja, Vivian Motzfeldt, formaður landsdeildar Grænlands, Sigurður Ólafsson, framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins, Steen Løgstrup Nielsen, starfsmaður ráðsins, Rannvá Sólheim, ritari færeysku landsdeildarinnar, og Elly Hauge Pedersen, ritari grænlenzku landsdeildarinnar. Helstu mál á dagskrá voru undirbúningur undir ársfund ráðsins í september og viðbrögð landanna við heimsfaraldri kórónuveiru.

Guðjón S. Brjánsson stýrði fundinum sem formaður Vestnorræna ráðsins. Formenn landsdeildanna þriggja sögðu stuttlega frá þróun kórónuveirufaraldursins og viðbrögðum yfirvalda við honum. Vivian Motzfeldt greindi frá því að ástandið væri enn stöðugt í Grænlandi og aðeins eitt tilfelli hefði greinst í sumar. Viðkomandi hefði komið erlendis frá með rannsóknarskipi og væri orðinn hraustur á ný. Enn væru í gildi takmarkanir í Grænlandi, t.d. á samskiptum fólks milli sveitarfélaga og á vettvangi íþróttar. Henrik Old sagði faraldurinn hafa náð sér aftur á strik í Færeyjum í kjölfar hátíðahalda á Ólafsvöku í lok júlí. Ekki stæði þó til að loka landinu heldur beita sóttkví og sóttvarnaraðgerðum. Guðjón S. Brjánsson sagði Íslendinga hafa upplifað bakslag líkt og mörg önnur lönd. Innanlandssmit hefðu blossað upp aftur og vakið umræðu um hvort ætti að herða enn frekar á reglum um komu ferðamanna til landsins. Stjórnvöld legðu áherslu á að skólustarf yrði með venjubundnum hætti en líklegt væri að atvinnuleysi færi vaxandi með haustinu. Guðjón sagði Íslendinga hafa ferðast mikið innan lands í sumar og nýtt sér ferðagjöf stjórnvalda.

Sigurður Ólafsson sagði skrifstofu ráðsins starfa út frá því að ársfundur yrði haldinn samkvæmt áætlun á Íslandi um miðjan september. Ljóst væri þó að nauðsynlegt gæti orðið að gera breytingar á dagskrá fundarins, fundarstað eða mögulega fresta honum. Árlegri ráðstefnu Hringborðs norðurslóða hefði verið aflýst og ekki væri útséð um að Norðurlandaráðsþing færi fram með venjubundnum hætti. Haft yrði samráð við yfirstjórn Alþingis og sóttvarnaryfirvöld og tillögur að breytingum yrðu bornar undir forsætisnefnd.

Rætt var um eldri ályktanir ráðsins og skýrslur ríkisstjórnar Íslands og landsstjórna Færeyja og Grænlands um framfylgd þeirra. Guðjón S. Brjánsson ítrekaði nauðsyn þess að þjóðþing landanna þriggja fjölluðu um nýjar ályktanir Vestnorræna ráðsins áður en kæmi að næsta ársfundi ráðsins. Misbrestur hefði verið þar á og gæti valdið því að framfylgd ályktananna drægist. Hann hvatti forsætisnefndarmeðlimi til að beita sér fyrir því að umfjöllun um ályktanir ráðsins yrði sett í forgang innan þinganna.

Henrik Old kynnti ný drög færeysku landsdeildarinnar að ályktun Vestnorræna ráðsins um aukna samvinnu ráðherra norðurslóðamála. Í drögum er lagt til að ráðherrar landanna þriggja sem bera ábyrgð á norðurslóðamálum hittist einu sinni á ári og vinni að sameiginlegum vestnorrænum hagsmunum á svæðinu. Vivian Motzfeld tilkynnti að von væri á drögum að annarri ályktun frá grænlenzku landsdeildinni um stuðning við aukaaðild Grænlands og Færeyja að Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni.

Sigurður Ólafsson kynnti fjárhagsáætlun ársins 2021 og ársreikning ársins 2019. Forsætisnefnd samþykkti að leggja það til við ársfund að rekstrarafgangur ársins 2019 verði endurgreiddur þjóðþingunum. Einnig var rætt um ráðningarferli nýs starfsmanns skrifstofunnar í hálfu stöðu í stað Steens Løgstrup Nielsen sem sagði stöðu sinni lausri í sumar.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og á vefsvæðinu [www.vestnordisk.is](http://www.vestnordisk.is).